

Þriðjudaginn 20. dez. 1932.

Nr. 159/1932. **Valdstjórnin** (Sveinbjörn Jónsson)

gegn

Ársæli Jóhannssyni (Lárus Fjeldsted).

Brot gegn 261. gr. siglingalaganna.

Dómur sjóréttar Reykjavíkur 10. sept. 1932: Ákærður, Ársæll Jóhannsson, greiði 600 króna sekt í rikissjóð innan 30 daga frá lögbirtingu dóms þessa, sæti ella í hennar stað 30 daga einföldu fangelsi. Svo greiði hann og kostnað máls þessa, þar með talin 60 króna málsvarnarlaun til hrm. L. Fjeldsted.

Dóminum skal fullnægja með aðför að lögum.

Dómur hæstaréttar.

Mál þetta, sem eftir 279. gr. siglingalaganna nr. 56/1914 virðist vera sakamál, er nefnt almennt lögreglumál. En með því að meðferð þess er raunverulega að hætti sakamála, er ekki ástæða til að ómerkja hana og dóminn af þessari ástæðu.

Með því að fallast má á forsendur hins áfrýjaða dóms, þykir mega staðfesta hann, þó þannig, að sektin er ákveðin kr. 2000,00, og komi í stað hennar 60 daga einfalt fangelsi, ef hún greiðist ekki innan 30 daga frá lögbirtingu dóms þessa. Svo greiði kærði og allan áfrýjunarkostnað málsins, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti 80 kr. til hvors.

Því dæmist rétt vera:

Hinn áfrýjaði dómur skal vera óraskaður, þó þannig, að kærði, Ársæll Jóhannsson, greiði 2000 kr. sekt í rikissjóð, og komi í stað hennar

60 daga einfalt fangelsi, ef hún greiðist ekki innan 30 daga frá lögbirtingu dóms þessa.

Svo greiði kærði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málsflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, hæstaréttarmálflutningsmannanna, Sveinbjarnar Jónssonar og Lárusar Fjeldsted, 80 kr. til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Forsendur hins áfrýjaða dóms hljóða svo:

Mál þetta er höfðað af valdstjórnarinnar hálfu gegn Ársæli Jóhannssyni skipstjóra, til heimilis Fjólugötu 23, hér í bænum fyrir brot gegn 261. gr. siglingalaganna nr. 56/1914, sbr. 6. gr. laga nr. 40, 19. maí 1930, um breyting á tæðum lögum, og eru málavextir þeir, er nú skal greina, og sannaðir með eigin játningu kærðs og öðru því, sem upplýst er í málinu.

Hinn 21. ágúst f. á. var kærður, sem var skipstjóri á b/v Barðinn, að veiðum á skipi þessu á Sviðinu nálægt því miðju. Veður var gott, bjart yfir og alveg sléttur sjór. Kl. 12 á hádegi hóf skipið ferð sína til Akraness að sækja þangað einn mann. Þegar skipið lagði af stað tók það stefnu á suðurenda Akrafjalls og var þeirri stefnu haldið, þar til komið var í línuna „Brautarholtskirkja í rætur Esju“, var síðan beygt og þesu merki haldið sem bakmerki norður eftir þar til „gult hús kom upp fyrir rætur Akrafjalls“. Var síðan beygt í þessu merki inná Krossvík. Kl. 12,45 e. h. strandaði skipið á „Þjótnum“, var þá liðið ca. 1½ tími frá háflæði og var sjór svo hægur að ekki örlaði á skerinu. Skipstjóri var einn á stjórnpalli frá því að skipið fór af Sviðinu og þar til það strandaði, en hásetar þeir, er uppi voru, voru við vinnu á þilfari. Var farið með venjulegri fullri ferð, þegar verið er á veiðum, c. 7—8 mílur, er skipið strandaði. Var þegar sent skeyti til Reykjavíkur og beðið um

hjálp, en kl. 1,30 e. h. hallaðist skipið svo, að skipverjar voru látnir fara í bátana, nema skipstjóri, 1. vélstjóri og stýrimaður. Leka varð þó ekki vart strax og komu menn úr skipsbátnum þá aftur um borð. Kl. 3,30 var kominn allmikill leki og náðu dælur skipsins ekki til að dæla vegna legu skipsins, sem var þannig, að framendi skipsins hallaðist út af skerinu niður á við, en afturendinn upp eftir því sem lækkaði í sjó. Kl. 4,15 er dælt með hjálparslöngu og um svipað leyti er skipseigendum tilkynnt, að sjór muni eftir stutta stund komast í ljósvélina og beðið um hjálp b/v Gyllir eða annars gufuskips. Kl. 4,45 er ljósvélin stöðvuð, slær í sjó, og kl. 6 e. h. er hætt að ausa, en dælan látn vera í gangi og hásetar látnir fara í bátana, en skipstjóri og 1. vélstjóri og 1. stýrimaður eru eftir í skipinu. Kl. milli 7 og 8 kemur dráttarbáturinn Magni og byrjar að dæla og skömmu síðar b/v Gyllir og kl. 8—12 er gengið frá dragstrengjum milli Barðans og Gyllis en Magni dælir stöðugt. Kl. 11,35 reynir Gyllir nokkrum sinnum að kippa skipinu af skerinu en árangurslaust og um það leyti byrjar sjór að renna úr afturlest í forlest. Þar sem tilraunir Gyllis að draga skipið af skerinu báru engan árangur, var tilraunum þessum hætt og fór hann til Reykjavíkur, en Magni hélt áfram að dæla, þangað til kl. var langt gengin 2. f. h. 22. ág. en þá var hætt sökum þess, að sjáanlegt var, að skipið seig niður að framan með sjávarlækkuninni og allir menn fóru um borð í Magna. Kl. c. 3 f. h. er skipið sigið svo mikið, að allur framendi þess er í kafi aftur að stjórnpalli. Kl. milli 6 og 7 f. h. fór Magni til Reykjavíkur með skipshöfn Barðans nema skipstjóra, 1. vélstjóra og 2 háseta og þar sem sjáanlegt var að ekki yrði neinu bjargað eða annað aðhafst til björgunar fór skipstjóri ásamt með hinum þremur mönnum til Reykjavíkur kl. 10,15 f. h., s. d. Frekari björgunartilraunir virðast ekki hafa verið gerðar, en skipið seig í sjó og sökk nokkru síðar. Skipið var smíðað 1913, 416,37 tons br. og 165,05 netto. Skipshöfn var 19 manns að meðtöldum skipstjóra. Meginið af fatnaði og plöggum skipshafnar var bjargað, en með skipinu fórst um 800 körfur af fiski og 15—20 tonn af ís og nokkuð af kolum.

Kærður hefir skýrt frá því við prófin, að hann hafi að visu haft á skipi sínu venjulegt sjókort yfir Faxaflóa, sem notað er við fiskveiðar, líklega nr. 270, en kortið hafði hann ekki fyrir sér er hann sigldi inn, og „Den islandske Lods“ hafði hann ekki um borð, en hann kveðst hafa siglt eftir minni samkv. þeim innsiglingarmerkjum, sem upp gefin eru í bók þessari og á hinum dönsku sjóbréfum, en þar eru merkin orðuð svo við sérupprátt af Krossvík „Esja S-lige Affald“ um Brautarholtskirkju og „Akrafjall N-lige Affald til et kendeligt gult Hus“. Þessi merki segir kærður, að sér hafi verið rík í minni og segist hafa siglt eftir þeim og ekki beygt fyrr en gula húsið var nokkuð upp í rótum Akrafjalls og hugðist þeim mun öruggari um dýpið, sem húsið kom lengra upp í fjallið, því að hann kveðst hafa vitað að engin grunn eða sker eru vestan til að vikinni innan við Flösina. Kærður kveðst ekki hafa siglt eftir kompás eða athugað kortið, af því hann þóttist viss um, í svo björtu veðri, að sjá merkin og muna þau rétt, en eftir strandið talaði kærður við menn á Akranesi og fékk að vita, að gula húsið, sem hann hafði miðað við, hét Kross og kveðst hann ekki hafa séð neitt annað gult hus, er hann miðaði á land.

Sjóðómurinn bað nú forstjóra skipaútgerðar ríkisins, að fela skipherra einhvers varðskipanna ásamt með stýrimanni að athuga merki þau, er kærður kvaðst hafa fylgt. Liggur nú fyrir í málinu skýrsla Einars M. Einarssonar skipherra á Ægir um þetta. Er þar upplýst, að leiðarmerkið „et kendeligt gult Hus“ sem átt er við, sé Garðar, hið forna prestssetur. Hafi hus þetta verið byggt fyrir um 50 árum, hafi áður verið gult, en ekki haft þann lit í mörg ár, líklega allt að 10 árum. Þá er það og upplýst með skýrslu þessari sem og vottorði, sem fyrir liggur í málinu, að húsið Kross á Akranesi hafi verið gult að lit og sé það eina húsið frá Hólmunum og út að Akranesþorpi, sem hafi verið gulmálað nefndan dag. En skipherrann álitur, að kærður hafi miðað þetta gula hus í skakkt bakmerki, sem sé í miðju Akrafjalls eða svokallaða Reynisása, í stað þess að Garðar eigi að bera í norðurrætur Akrafjalls. Verjandi kærðs hér fyrir réttinum hefir markað með bleki á sjókort nr. 289 siglingarlinu b/v Barðans frá því hann fór af stað af Sviðinu og þar til hann kom í merkið „Braut-

arholtskirkja í suðurrætur Esju“. Þótt það sé nú ekki vist, að stefnan hafi einmitt verið sú, sem mörkuð er, þá verða ekki bornar bríður á, að skipið hafi um stund siglt með þessi merki sem bakmerki unz sú lína skarst af línunni „gult hús upp fyrir norðurrætur Akrafjalls“ og segist kærður þá hafa beygt og hefir hann þá tekið stefnu inn á Krossvik og jafnframt yfirgefið línuna, gula húsið í norðurrætur Akrafjalls og siglt skamma leið þar til hann lenti á Þjótnum en þaðan ber Krosshúsið í miðju Akrafjalls eða Reynisáa, sbr. skýrslu Einars M. Einarssonar.

Skýrsla kærðs um siglingu hans og miðanir getur staðizt og er henni ekki hnekkst með upplýsingum þeim, er greindar voru, en líkur benda til, að hið oftnefnda gulmálaða hús, sem hafði einmitt þau einkenni, sem greind eru í sjókortinu og leiðarþók frá 1927, hafi leitt kærðan í þá villu, að hann tók ranga innsiglingarleið og setti skip sitt í strand. Á aðra hlið hefir hinn hábjarti dagur, summarbliðan og hinn láðauði sjór, sem var svo spegilsléttur, að ekkert braut á Þjót, en svo gerir jafnan ef nokkur hreyfing er í sjó, deyft hvöt kærðs til að gæta þeirrar varúðar, sem verður að vera sívakandi hjá hverjum skipstjórnarmanni, sem siglir um slóð, þar sem sker og grynningar eru. Og sjórétturinn telur það gáleysi af kærðum að sigla í höfn, sem hann er í rauninni lítt kunnur, án þess að hafa annan mann við stýri, svo hann gæti sjálfur athugað stefnur og mið inn í höfnina eftir sjávarupprættinum, sem honum bar að hafa við hönd, og áttavitanum. Þá er það og yfirsjón af kærðum að draga eigi úr ferð skipsins nógu tímanlega þótt hann í nánd við innsiglinguna vissi af skeri, sem hann veit eigi mið á, en heldur áfram með sömu ferð inn á skipaleguna aðeins eftir minni sínu, í stað þess að biðja um hafnsögumann.

Fyrirgreindar yfirsjónir og hirðuleysi kærðs, telur sjórétturinn að eigi að varða refsingu, sem þykir hæfilega ákveðin 600 kr. sekt í ríkissjóð og komi í stað sektarinnar 30 daga einfalt fangelsi, ef hún er ekki greidd í tæka tíð.

Hinsvegar þykir ekki næg ástæða til að beita heimildinni til að svifta kærðan skipstjóraréttindum í skemmri eða lengri tíma, með sérstöku tilliti til þess, að á hinum löggiltu sjókortum allt fram á þetta ár, er upp gefin röng

lýsing á ónafngreindu húsi sem innsiglingarmerki á Krossvík, en lýsingin á heima við hús, sem hægt er að miða í sama bakmerki sem hið rétta hús, Garðahús, skammt frá hinni réttu innsiglingarleið.

Kærður hefir verið stýrimaður á botnvörpungum í 4 ár og á 3ja ár skipstjóri bæði fyrir og eftir strandið og aldrei orðið fyrir neinu öðru óhappi á sjó.

Kostnað málsins ber kærðum að greiða, þar með talðar 60 kr. til hins skipaða verjanda síns, hrm. L. Fjeldsted.

Á máli þessu hefir enginn óþarfa dráttur orðið, en rannsókn þess tafizt vegna dráttar á skýrslu varðskipsins.
